



## 5. Félagsstarf



### a) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir

Mikilvægt er að íþróttafélög/deildir bjóði upp á meira en reglubundnar æfingar. Félag þarf að bjóða upp á samverustundir fyrir iðkendurna utan æfinga og keppni og gera áætlun um starfið. Slíkt starf þarf ekki að einskorðast við þann hóp sem æfir saman. Hægt er, og oft nauðsynlegt, að skipuleggja félagsstarf í samvinnu við félagsmiðstöðvar eða íþrótt- og tómstundaráð á hverjum stað.

Félagsvitund er eitthvað sem er á miklu undanhaldi í samfélagi nútímans og oft er búningurinn eini samnefnari félagsins. Gera þarf áttak í því að efla félagsvitund og félagsanda innan íþróttahreyfingarinnar. Til að efla félagsandann þarf félagið að hafa jákvæð markmið og eins og áður hefur komið fram þurfa þau að vera hinum almenna félagsmanni sýnileg. Einnig þarf að vera til staðar öflugt félagsstarf. Markmið félagsstarfs getur verið mismunandi en t.d. mætti nefna:

- að vekja, hlúa að og efla áhuga iðkenda fyrir þroskandi félagsstarfi
- að starfið miðist við þarfir hópsins og efli þannig samkennd iðkenda
- að starfið þjálfí nemendur í hópvinnu og tjáningu og gefi þeim tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni
- að auka samvinnu
- að auka virðingu fyrir reglum
- að fræða

# Félagsstarf



## Hugmyndir vegna félagsstarfs:

- spilakvöld, olsen-olsen, svartí pétur, hornafjarðarmanni, félagsvist
- bingókvöld
- videókvöld
- kvöldvökur með skemmtiatiðum
- dans, t.d. diskó, náttfataball, regnfataball
- opið kvöld, t.d. tafl, bobb, borðtennis
- spurningarkeppni
- foreldrakvöld
- sumarhátíð
- jólagleði - jólasveinar
- heimsóknir til annara félaga
- grænmetiskvöld, pizza
- útivist, ratleikir
- keppni í óhefðbundum íþróttagreinum
- ferðalög
- æfingabúðir

Hér koma nokkrar spurningar til að meta félagsstarfið.

## Gátlisti vegna félagsstarfs:

- |   |                             |                              |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| • Félagsstarf er mikilvægur liður í starfi félagsins              | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt miðað við þarfir hópsins.              | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt í samvinnu við hópinn.                 | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |
| • Félagsstarf er skipulagt í samvinnu við skóla/félagsmiðstöðvar. | já <input type="checkbox"/> | nei <input type="checkbox"/> |

# Félagsstarf



## Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

## Hver er óskastaðan?

- Hvernig getur félagið sinnt öfluggu félagsstarfi?

## Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn: .....)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn: .....)

## Fylgigögn

- Samþykkt áætlun um félagsstarf.

